

7. Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 15. júní ár hvert. Aðalfundur skal boða bréflæga eigi síðar en viku fyrir fundardag. Á aðalfundi skal leggja fram skrá um atkvæðisbæra félagsmenn. Nú er ráðgert að breyta samþykktum eða arðskrá og skal þess þá getið í fundarboði. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta árs til samþykktar. Þar leggur hún fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Hann kveður og á um laun stjórnar og annarra starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 félagsmanna.

8. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórn félagsins skal halda gerðabók um það sem fram fer á fundum félagsins og stjórnarfundum. Í hana skal skrá samþykktir félagsins og félagaskrá á hverjum tíma. Stjórn félagsins skal sjá um að bókhald félagsins sé fært samkvæmt lögum og að meðferð eigna þess og fjármuna sé með tryggilegum hætti.

9. Stjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún hefur og eftirlit með því að samþykktum félagsins og ákvörðunum félagsfunda sé hlýtt og má ráða mann sér til aðstoðar til þess að hafa eftirlit með veiðinni o.fl.

10. Arð af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lög-mætur fundur hefur samþykkt. Um gildistíma og endurskoðun fer eins og segir í lögum um lax- og silungsveiði. Kostnað af starfsemi félagsins skulu félagsmenn greiða í sama hlutfalli, sem þeir taka arð.

11. Brot á samþykkt þessari varðar sektum skv. XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 690/1994 um snyrtivörur.

1. gr.

17. gr. orðist svo:

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum og 18. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, sbr. og lög nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Einnig voru höfð til hliðsjónar þau af ákvæðum samningsins um Evrópska efna-hagssvæðið sem vísað er til í II. viðauka XVI. kafla 1. tl., tilskipun 76/768/EBE um sam-ræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur, ásamt breytingum í tilskipunum 79/661/EBE, 82/147/EBE, 82/368/EBE, 83/191/EBE, 83/341/EBE, 83/496/EBE, 83/574/EBE, 84/415/EBE, 85/391/EBE, 86/179/EBE, 86/199/EBE, 87/137/EBE, 88/233/EBE, 88/667/EBE, 89/174/EBE, 89/679/EBE, 90/121/EBE, 91/184/EBE, 92/8/EBE, 92/86/EBE, 93/35/EBE, 93/47/EBE, 94/32/EBE og 95/35/EBE, svo og tilskipun nr. 80/1335/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi nauðsynlegar greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara, ásamt breytingum í tilskipunum 87/143/EBE, 82/434/EBE, 90/207/EBE, 83/514/EBE, 85/490/EBE, 93/73/EBE og 95/32/EBE.

2. gr.

Viðauki 7 verði svohljóðandi:

Viðauki 7

Greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara.

Við eftirlit með samsetningu snyrtivara skulu notaðar aðferðir sem birtar eru í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar nr. 80/1335/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi nauðsynlegar greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara, ásamt breytingum í tilskipunum 87/143/EBE, 82/434/EBE, 90/207/EBE, 83/514/EBE, 85/490/EBE, 93/73/EBE og 95/32/EBE.

Reglugerðin, ásamt viðaukum 1 - 7, verður gefin út í sérstakri handbók sem hægt verður að fá hjá Hollustuvernd ríkisins.

Tilskipun 76/768/EBE ásamt breytingum og viðbótum í tilskipunum 79/661/EBE, 82/147/EBE, 82/368/EBE, 83/191/EBE, 83/341/EBE, 83/496/EBE, 83/574/EBE, 84/415/EBE, 85/391/EBE, 86/179/EBE, 86/199/EBE, 87/137/EBE, 88/233/EBE, 88/667/EBE, 89/174/EBE, 89/679/EBE, 90/121/EBE og 91/184/EBE eru birtar, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993, í sérriti; EES-gerðir, S-19, II. viðauki: Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun, XVI. Snyrtivörur, bls. 1-121. Breytingar og viðbætur í tilskipunum 92/8/EBE, 92/86/EBE, 93/35/EBE og 93/47/EBE eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstök útgáfa: bók 3, bls. 485-500. Breytingar og viðbætur í tilskipun 94/32/EBE eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 57, frá 31. desember 1994, bls. 109. Breytingar og viðbætur í tilskipun 95/34/EBE hafa enn ekki verið birtar í EES-viðbæti við stjórnartíðindi EB en eru birtar í „Official Journal of the European Communities“, nr. L 167, frá 18. júlí 1995, bls. 19.

Tilskipun 80/1335/EBE ásamt breytingum og viðbótum í tilskipunum 87/143/EBE, 82/434/EBE, 90/207/EBE, 83/514/EBE og 85/490/EBE eru birtar, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993, í sérriti; EES-gerðir, S-19, II. viðauki: Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun, XVI. Snyrtivörur, bls. 122-234. Breytingar og viðbætur í tilskipun 93/73/EBE eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstök útgáfa: bók 3, bls. 501-520. Breytingar og viðbætur í tilskipun 95/32/EBE hafa enn ekki verið birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB en eru birtar í „Official Journal of the European Communities“, nr. L 178, frá 28. júlí 1995, bls. 20.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum og 18. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg

efni, sbr. og lög nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinberra markaðsgæslu til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 6. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

6. ágúst 1996

Nr. 445

REGLUGERÐ

**um notkun og bann við notkun tiltekinna efna
í málningu, lökkum og viðarvörn.**

1. gr.

Reglugerð þessi er sett til þess að takmarka notkun tiltekinna efna og efnasambanda sem geta verið hættuleg heilsu manna og/eða umhverfinu.

2. gr.

Óheimilt er að flytja inn, selja eða nota málningavörur eða lökk sem innihalda eftirtalin efni, sbr. þó ákvæði 5. gr.:

Blýkarbónöt;

– PbCO_3 CAS-nr.¹⁾ 598-63-0

– $2 \text{ PbCO}_3 \cdot \text{Pb(OH)}_2$ CAS-nr. 1319-46-6

Blýsúlföt;

– PbSO_4 CAS-nr. 7446-14-2

– Pb_xSO_4 CAS-nr. 15739-80-7

Kadmíum og efnasambönd þess.

– Ef málning inniheldur mikið sink skal styrkur kadmíumleyfa vera eins lítill og kostur er og ekki undir neinum kringumstæðum meiri en 0,1% miðað við þyngd.

3. gr.

Óheimilt er að nota eftirtalin efni í efnablöndur sem ætlaðar eru til notkunar sem viðarvörn, sbr. þó ákvæði 6. gr.;

– kvikasilfurssambönd

– arsensambönd

4. gr.

Óheimilt er að nota við, sem meðhöndlaður hefur verið með pentaklórphenóli, inni í byggingum hvort sem um er að ræða íbúðarhús, sumarhús eða vinnustað. Slíkan við er einnig óheimilt að nota í ílát sem ætluð eru til ræktunar eða við framleiðslu á umbúðum, sem geta komist í snertingu við afurðir eða vörur sem ætlaðar eru til neyslu manna eða dýra.

5. gr.

Umhverfisstofnun er heimilt að veita undanþágu frá ákvörðun 2. gr. varðandi málningu sem inniheldur blýkarbónöt eða blýsúlföt. Undanþága skal vera í samræmi við samþykkt alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) nr. 13., um notkun hvíts blýs og blýsúlfata í málningu, ef slíkt er talið nauðsynlegt vegna endurbyggingar og viðhalds á listmunum.

¹⁾ CAS nr.: Chemical Abstract Service - Alþjóðleg númer efna og efnasambanda.